Aukin þörf hefur verið hjá VOD á síðustu árum á efnagreiningum á sýnum af köldu vatni vegna virkjanarannsókna. Slíkar efnagreiningar er hægt að kaupa að og var það gert um tíma, en gafst ekki vel. Til að fá sambærilegar og betri greiningar eru þær því einnig gerðar á rannsóknastofu Jarðefnafræðideildar.

Á árinu 1983 voru skráð 545 vatnssýni til efnagreininga á efnarannsóknastofunni. Á þessum sýnum voru gerðar samtals um 6000 einstakar greiningar. Á meðfylgjandi mynd (2) er vatnsefnagreiningunum á efnarannsóknastofu skipt upp í nokkra verkefnaflokka og sýnt magnhlutfall hvers flokks miðað við einstakar greiningar. Greiningar á köldu vatni fyrir Vatnsorkudeild eru ekki sundurgreindar í verkefni. Í reitunum, sem merktir eru háhitasvæði eru öll sýni sem efnagreind hafa verið af háhitasvæðum utan Kröflu og Svartsengis. Í reitunum "lághitasvæði" felast sýni af þeim lághitasvæðum, sem ekki eru nýtt til hitaveitu, eða aðeins fyrir einn eða fáa bæi.

Auk vatnsefnagreininga voru á efnarannsóknastofunni greind sýni af útfellingum og tæringarefnum m.a. frá hitaveitunum í Hrísey, Svartsengi og Leirá í Borgarfirði. Einnig voru á efnarannsóknastofunni gerðar fellingatilraunir með upphitun ferskvatns og efnagreiningar bæði á vökva og fellingarrefnum. Nokkrar efnagreiningar á bergi og steindum voru einnig gerðar vegna efnajafnvægisreikninga.

Varðandi framtíðarverkefni Jarðefnafræðideildar er ljóst að rannsókn háhitasvæða landsins mun krefjast verulegs vinnuframlags við forrannsóknir, djúprannsóknir og ekki síst við efnafraðilegt vinnslueftirlit á svæðunum. Rannsóknnum á lághitasvæðum er alls ekki lokið og þjónusturannsóknir fyrir hitaveitur munu halda áfram í svipuðum mæli á næstu árum. Þróun nýrra aðferða þarf að fá meiri forgang í vinnu deildarinnar á næstu árum en verið hefur síðustu ár. Brýnt er orðið að endurnýja tækjakost efnagreiningastofu og fór sú endurnýjun reyndar myndarlega af stað á árinu 1983 með kaupum á mjög alhliða tæki til greininga á anjónum í vatni.

VINNSLUTÆKNIDEILD: Sverrir Þórhallsson

Á Vinnslutæknideild Jarðhitadeildar er unnið að verkfræðilegum verkefnum á jarðhitasviðinu.

Starfssvið deildarinnar nær meðal annars til hagkvæmniathugana sem gerðar eru vegna fyrirhugaðra, eða hugsanlegra hitaveitna. Unnið hefur verið að umfangsmikilli áætlanagerð undanfarin ár um að leggja niður olíu til húshitunar, og er verk þetta unnið í samvinnu við Rarik og nefnist "Húshitunaráætlun". Tuttugu og átta þéttbýlisstaðir nærri jarðhita voru kannaðir með tilliti til lagningar hitaveitu. Ólíklegt er þó að ráðist verði í byggingu hitaveitu nema á fáum af þessum stöðum í náinni framtíð, enda sýndi samantekt Rarik að rafhitun er þar í yfirgnæfandi meirihluta húsa. Fyrir sveitabýli eru hagkvæmniathuganir gerðar, og fylgst er með nýjungum sem lækkað geta lagnarkostnað.

Á sviði bortækni og hönnunar borhola hefur áhersla verið lögð á að auka afköst borhola og lækkun kostnaðar. Mjög góður árangur hefur náðst með því að bora víðar holur á háhitasvæðunum á Reykjanesskaga, og eru það nú afkastamestu jarðhitaholur hérlendis, og kostnaður ekki nema um helmingur af því sem algengt er annarsstaðar. Á s.l. ári voru boraðar tvær víðar borholur, ein í Eldvörpum og önnur á Reykjanesi, samkvæmt áætlun deildarinnar. Til aukningar á afköstum lághitahola var þróuð ný boraðferð, svonefnd "sogborun" og fékk Jarðhitadeild myndarlegan styrk úr Orkusjóði til að reyna hana. Aðferð þessi hindrar að holur stíflist af svarfi í borun, og stuðlaði aðferð þessi að því að góður árangur náðist á Siglufirði og við Urriðavatn s.l. sumar. Gerð var áætlun um notkun tvöfalda pakkara til að framkvæma háþrýstipökkun, og mynda þannig sprungur í þéttum holum.

Til að meta afköst nýrra hola notar deildin djúpdælur og mælitæki, en þessi þjónusta er enn ekki nýtt sem skyldi. Unnið var við gerð forrits fyrir aflskrá, en þar verður unnið úr hverskonar afkastamælingum og þær varðveittar á aðgengilegan hátt í tölvuskrá. Samið var við verkfræðistofu um að hanna eyðublað og leiðbeiningar fyrir hitaveitur þar sem upplýsingar um vinnslu jarðhitans og áhrif vinnslunnar á svæðið er skráð.

Sérstök áhersla er lögð á að kanna vandamál vegna útfellinga og tæringa, bæði í starfandi hitaveitum og eins þar sem óvissa ríkir um nýjar veitur. Flest verk á þessu sviði voru söluverk á s.l. ári. Erfiðastar viðfangs eru hitaveitur sem eru að stíflast af magnesíum-sílikat útfellingum, en þær nýta allar upphitað ferskvatn. Kalkútfellingar sem valda tíðum bilunum í djúpdælum eru vandamál á nokkrum

stöðum. Rannsókn magnesíumsílikatútfellinga verður eitt stærsta verkefni deildarinnar í ár, enda skiptir betri skilningur á þeim höfuðmáli ef nýta á háhitasvæðin til húshitunar.

Undirbúningsrannsóknir voru gerðar fyrir niðurdælingu affallsvatns sem fram fer í Svartsengi í ár, og snerust þær einkum um hegðun kísils í affallsvatninu og um val ferlunarefnis.

Fastur þáttu í starfi deildarinnar er að kanna nýtingarmöguleika jarðhita. Athuganirnar hafa verið unnar af eigin starfsliði og af verkfræðistofum. Lokið var við ítarlega könnun á flutningskostnaði jarðgufu í leiðslum langar leiðir. Samkvæmt henni getur reynst hagkvæmt að flytja gufu 10-20 km, en við það tvöfaldast gufuverðið. Áætlun var gerð um stóra fiskeldistöð að Kistu á Reykjanesi til að sýna þátt jarðgufunýtingar við dælingu á sjó og til upphitunar hans. Á nýtingu lághita hefur athyglin beinst að varmadælum, og hefur notkun þeirra verið kynnt auk þess sem fylgst hefur verið með fyrstu kerfunum af þessu tagi hér á landi. Einnig var gerð athugun á rekstri smátúrbínu sem nýtir lághita (binary-kerfi).

Loks má nefna að deildin hefur annast rekstur Jarðvarmaveitna ríkisins, en þær selja gufu til Kísiliðjunnar í Mývatnssveit og gufustöðvar Laxárvirkjunar, og einnig annast deildin viðhald borhola, bæði í eigu stofnunarinnar og annarra.

Starfsmenn deildarinnar eru þrír verkfræðingar tveir tæknifræðingar og verkstjóri.



HÚSHITUNARÁÆTLUN

Hagkvæmni smærri hitaveitna: María Jóna Gunnarsdóttir

1 INNGANGUR


Á síðustu tíu árum hefur hlutur jarðhita í upphitun húsa hér á landi aukist úr um 50% í nær 80%. Og er nú svo komið að um 77% þjóðarinnar búa við upphitun með jarðvarma. Á sama tíma hefur hlutur olíu til upphitunar minnkað úr 45% í um 6% og hefur jarðhitinn tekið þar við stærstum hluta. Þess má einnig geta að á síðasta ári var nær þriðjungur af allri orkuþörf þjóðarinnar mætt með jarðhita.

Starfandi hitaveitur á landinu eru 28 en kostnaður við upphitun frá þessum veitum er ærið misjafn allt frá því að vera innan við 10% af því sem það kostar að hita með olíu upp í 70% af olíukostnaði.

Á mynd 1 má sjá orkuverð frá hverri hitaveitu sem hlutfall af óniðurgreiddri olíu. Raforkuverð á húshitunartaxta C1 hjá Rafmagnsveitum ríkisins er sýnt, með og án niðurgreiðslu, einnig niðurgreidd olía. Miðað er við verðlag í nóvember og kostnað af að hita 400 m³ íbúðarhús þar sem býr fjögurra manna fjölskylda. Orkunotkun til hitunar er áætlað 82 kWh/m³ á ári. Á myndinni má sjá að alls níu hitaveitur hafa orkuverð herra en niðurgreitt rafmagn en allar hafa hitaveiturnar tuttugu og átta lægra orkuverð en óniðurgreitt rafmagn. Fjórar hitaveitur hafa orkuverð svipað og niðurgreidd olía, það eru Hitaveita Akraness og Borgarfjarðar, Hríseyjar, Akureyrar og Egilsstaða. Þetta eru nýjar veitur eða veitur sem átt hafa í erfiðleikum með vatnsöflun.

Mynd 1

ORKUVERÐ STARFANDI HITAVEITNA SEM HLUTFALL AF ÓNIÐURGREIDDU OLÍUVERÐI (ÁSAMT RAFORKUVERÐI SKV. TAXTA RAFMAGNSVEITNA RÍKISINS TIL HÚSHITUNAR)



Þessa erfiðleika er nú í mörgum tilfellum búið að leysa, þannig að gera má ráð fyrir að afkoma þeirra batni á næstu árum. Hitaveita Egilsstaða er með næst orkuverð en þar hefur nú nýverið fundist með borunum 75°C heitt vatn þar sem áður var einungis 50°C heitt.

2 HÚSHITUNARÁÆTLUN

Samkvæmt lögum um jöfnun og lækkun hitunarkostnaðar frá 1980 skal Orkustofnun í samráði við Rafmagnsveitur ríkisins gera áætlun um nýtingu innlendra orkugjafa í stað olíu. Í framhaldi af þessari lagasetningu ákváðu þessar stofnanir að skipta verkefnum í fjóra hluta:


- I Samantekt á nýtingu jarðhita til húshitunar og möguleikum á aukningu
- II Kostnaðaráætlun fyrir nýjar hitaveitur
- III Kostnaðaráætlun Rafmagnsveitu ríkisins um þjóðhagslegan viðbótarkostnað við rafhitun á sömu svæðum
- IV Samanburður á hagkvæmni hitaveitu og rafhitunar á hverjum stað og tillögur um framkvæmdir

Í fyrsta hlutanum var gerð samantekt á nýtingu jarðhita til húshitunar og möguleikum á aukningu. Í þeirri samantekt kom fram að flestir geta notendur jarðvarma orðið 84% landsmanna haldist dreifist byggðar óbreytt, en eru nú 77% eins og áður hefur komið fram. Þar af eru 3% af aukningunni nýjar hitaveitur en 4% ef allir íbúar á hitaveitusvæðum keyptu hitaorku frá veitunum. Í öðrum hluta var síðan gerð kostnaðaráætlun um byggingu 28 hitaveitna. Flest eru þetta litlar veitur fyrir nokkra bæi eða litla byggðarkjarna, þó eru þarna áætlanir fyrir nokkur þéttbýlissvæði. Fyrsti og annar hluti Húshitunaráætlunar hafa nú þegar komið út í skýrslu, en einhverjar tafir hafa orðið á kostnaðaráætlun Rafmagnsveitu ríkisins, sem er þriðji hluti verkefnisins, en þeirri skýrslu er þó að vænta á næstu vikum. Fjórði og síðasti hluti sem er samanburður á hagkvæmni hitaveitu og rafhitunar og tillögur um framkvæmdir mun væntanlega verða lokið á þessu ári.

3 NÝJAR HITAVEITUR

Í "Húshitunaráætlun", II. hluta, var eins og áður sagði gerð frum-áætlun um byggingu hitaveitu á tuttugu og átta stöðum. Um er að ræða kaupún og bæjarþyrpingar þar sem jarðhiti er í nágrenninu eða einhver von er um að nýtanlegur jarðhiti finnist með borunum. Á mynd 2 eru þessir staðir sýndir.

Gerð var kostnaðaráætlun um jarðhitarannsóknir, boranir, lagningu aðveituæða og dreifikerfis og orkuverð fundið út frá áætluðum rekstrarkostnaði. Allt er þetta að sjálfsögðu háð þeim forsendum sem gengið var út frá og er aldrei nákvæmara en þær.




Á sumum stöðunum er jarðhitaleit á frumstigi og lítið vitað um möguleikana á að afla vatns úr svæðunum og jafnvel taldar litlar líkur á að nóg vatn finnist eða þá að alltof kostnaðarsamt verði að afla þess. Á öðrum stöðum rennur vatnið nú þegar sjálfrennandi til yfirborðs úr hverum eða borholum. Stærstu hitaveiturnar eru Stykkishólmur og Grundarfjörður frá jarðhita við Berserkseyri sem er í Kolgrafarfirði u.þ.b. miðja vegu á milli bæjanna. Ólafsvík-Hellissandur-Rif frá jarðhitasvæðinu við Lýsuhól í Staðarsveit en það er í um 30 km fjarlægð og yfir fjallveginn Fróðárheiði að fara og Vopnafjörður frá jarðhitasvæðinu í Selárdal, sem er um 7 km frá þéttbýlinu. Fyrir tvo staði var reiknað með að nota varmadælu. Það var á Tálknafirði og Grenivík. Gert var ráð fyrir að varmadælan notaði 25°C heitt jarðhitavatn sem varmagjafa en á báðum stöðum er það til í ríkum mæli.

Orkuverð hitaveitu er síðan hægt að bera saman við önnur orkuverð.

Á mynd 3 er að finna niðurstöður þessara útreikninga. Þar er sýnt orkuverð sem hlutfall af orkuverði niðurgreiddrar olíu og er stöðunum raðað upp í súlurit eftir hagkvæmni. Lægsta orkuverð hefur hitaveita að Skógum undir Eyjafjöllum frá Seljavallalaug með 51% af olíuverði en hæsta orkuverð hefur hitaveita á nokkra bæi í Eyjahreppi á Snæfellsnesi frá borholu við Laugagerðisskóla 176% af olíuverði. Ef miðað er við að kostnaður við upphitun megi ekki vera meiri en með niðurgreiddri rafhitun sést að einungis fimm staðir ná því marki. Ef hins vegar niðurgreidd olía er notuð sem viðmiðum eru tólf staðir með lægra orkuverð en sem því nemur, og tuttugu og fjórir staðir hafa lægra orkuverð en óniðurgreidd rafhitun.

JHD-VT-9000-MJG
83-11-1572-H



- 1 -

JARÐHITALEIT Á "ERFIÐU" JARÐHITASVÆÐI-URRIÐAVATN

Sigmundur Einarsson

Árið 1963 varð fyrst ljóst að jarðhiti væri á botni Urriðavatns, en þá var mældur 25°C hiti á botni vatnsins. Lengi hafði verið vitað að þar héldust vakir opnar á ís á vetrum. Árið 1963 voru boraðar tvær um 100 m djúpar rannsóknarholur við Urriðavatn, önnur á vatnsbakkanum, en hin á pramma úti á vatninu. Úr síðarnefndu holunni rann 56°C heitt vatn. Áhugi á að nýta þennan jarðhita lá að mestu niðri þar til olíuverð fór að stíga verulega árið 1973.

Veturinn 1975-1976 var þriðja holan boruð. Gert var ráð fyrir að berggangar stjórnðu uppstreymi heita vatnsins. Holan gaf ekki vatn en vísbending fékkst um 77°C heitt vatnskerfi. Hola 4 var boruð 1977. Hún gaf vatn á 200-400 m dýpi, $64,5^{\circ}\text{C}$ heitt. Við dæluprófanir kom í ljós að úr holunni mátti fá 15-16 l/s af vatni.

Hitaveita Egilsstaðahrepps og Fella tók til starfa um áramótin 1979-80 og notaði eingöngu vatn úr holu 4. Hitaveitan var hönnuð með einföldu dreifikerfi. Í tillögum OS var gert ráð fyrir að vatnið gæti kólnað með tímanum, vegna leka úr Urriðavatni niður í jarðhitakerfið, en jafnframt bent á að góðar líkur væru á heitara og tryggara vatni úr dýpri vatnsæðum í nýjum borholum. Hola 5 var boruð 1980. Hún gaf um 15 l/s af 54°C heitu vatni, að mestu úr grunnum æðum. Fljótlega eftir að hitaveitan tók til starfa varð vart við kólnun í borholunum. Vatnið í holu 4 kólnaði um 2°C fyrsta árið og síðan um 4°C á ári. Vatn í holu 5 kólnaði hægar eða um 2°C á ári. Hola 6 var boruð 1981 á tanga úti í vatninu. Helstu rök fyrir staðsetningu holunnar voru nálægð við aðalvakasvæðið. Holan gaf við dælingu aðeins 5 l/s af 62°C heitu vatni.

Um áramót 1981-1982 var hiti vatnsins í holu 4 kominn niður í 55°C og vatnsins í holu 5 í um 52°C . Er hér var komið sögu var orðið tvísýnt um rekstrargrundvöll hitaveitunnar. Vatnið í holum 4 og 5 hélt áfram að kólna og hola 6 hafði ekki skilað þeim árangri sem vonast hafði verið til. Á þessu stigi ákvað stjórn hitaveitunnar að ekki skyldi borað frekar fyrr en svæðið hefði verið rannsakað eins vel og frekast væri kostur enda komin upp mjög erfið staða. Til að leysa vandann til bráðabirgða var

byggð kyndistöð sem brennir svartolíu og getur hækkað hita vatnsins um 20°C. Snemma árs 1982 hóf Jarðhitadeild Orkustofnunar undirbúning að þessum rannsóknum samhliða endurskoðun og samantekt eldri gagna um jarðhitasvæðið við Urriðavatn.

Markmið þessarar vinnu var tvíþætt. Annars vegar skyldi reynt að grafast fyrir um orsakir kólnunarinnar og leiðir til úrbóta. Hins vegar skyldi reynt að finna út hvað stjórnáði uppstreymi heita vatnsins á jarðhitasvæðinu og hvernig líklegast mætti afla heitara vatns úr dýpri og öruggari vatnsleiðurum.

Breytingar á efnainnihaldi heita vatnsins bentu til að kalt vatn úr Urriðavatni streymdi niður um sprungurnar sem heita vatnið í laugunum á botni vatnsins hafði áður streymt upp um. Til að sannprófa þetta var vorið 1983 sett litarefni í Urriðavatn þar sem áður höfðu verið vakir og kom það fram í holunum eftir u.þ.b. eina viku. Ljóst þótti því að við þessum vanda yrði ekki gert, og eina lausnin væri vatn úr dýpri æðum.

Árangur af borunum benti til að allar fyrri hugmyndir um aðfærsluæðar heita vatnsins þyrfti að endurskoða. Ákveðið var að gera umfangsmiklar viðnámsmælingar á jarðhitasvæðinu svo og auknar jarðfræðirannsóknir. Hvort tveggja var unnið 1982. Niðurstöður þessarar vinnu urðu þar að meginadfærsluæð jarðhitasvæðisins væri ekki berggangur eins og áður var talið, heldur einhverskonar nær lóðrétt sprunga sem liggur um jarðhitasvæðið með SV-NA stefnu. Til að ákvarða halla sprungunnar var boruð rannsóknarhola vorið 1983 og varð niðurstaðan sú að hallinn væri 5-9° til A frá lóðréttu. Vorin 1982 og 1983 voru gerðar hitamælingar í botnleðju Urriðavatns. Hitadreifing í botnleðjunni var í góðu samræmi við niðurstöður viðnámsmælinganna.

Á grundvelli þessara upplýsinga var hola 8 valinn staður. Henni var ætlað að skera vatnsleiðarann á 800-1200 m dýpi. Borun hófst í ágúst 1983 og lauk í nóvember. Meginvatnsæðar í holunni eru á 700-870 m dýpi og gaf hola 15 l/s af 75°C heitu vatni sjálfrennandi, en hægt er að dæla úr henni allt að 50 l/s. Borun var hætt á 1007 m dýpi. Holan var tekin í notkun um áramót 1983-1984. Nú (mars 1984) er dælt úr holunni um 23 l/s af rúmlega 76°C heitu vatni við 10 m niðurdrátt, en ráðgert er að setja

- 3 -

öflugri dælu í holuna. Dælt er úr holu 5 því sem á vantar til að hitaveitan hafi nóg vatn. Ekkert er dælt úr holum 4 og 6 og nú rennur ca 1 l/s af 56°C heitu vatni úr holu 4.

Eftir er að sjá hvort vatn í holu 8 tekur að kólna eins og í gömlu holunum (holum 4 og 5). Þrýstingur á holutoppi gæti bent til þrýstisambands við vatnið í Urriðavatni. Vegna þessa verður fylgst náið með efnainnihaldi vatnsins sem fæst úr holunni til að sjá hvort hætta sé á kólnun, og lagt er til að ekki verði dælt úr holunni meira en bráðnauðsynlegt er.

Kostnaður við öflun heita vatnsins er hins vegar orðinn það mikill að fyrirtækið mun ekki fara að rétta úr kútnum fjárhagslega fyrr en undir lok þessa áratugs.

Sem dæmi um gildi hins góða árangurs af borun holu 8 fyrir hitaveituna má nefna að sala á heitu vatni úr holunni miðað við 30 l/s hámarksnotkun og 15 l/s meðalnotkun, skilar hitaveitunni 13,6 millj. kr í tekjur á ári. Miðað við 40°C nýtanlegt hitafall er áætlað að samsvarandi orka fengin með olíukyndingu mundi kosta um 29 millj. kr á núverandi olíuverði (8,50 kr/l).

Heildarrannsóknarkostnaður vegna undirbúnings holu 8 var um 5 millj. kr (hola 7 meðtalin) en sjálft borverkið og virkjun holunnar kosta samtals um 10 millj. kr.

ÁÆTLUN UM RANNSÓKNIR HÁHITASVÆÐA

Valgarður Stefánsson

Ágrip úr skýrslunni ÁÆTLUN UM SKIPULEGAR RANNSÓKNIR Á HÁHITASVÆÐUM LANDSINS. Valgarður Stefánsson, Gestur Gíslason, Helgi Torfason, Lúðvík S. Georgsson, Stefán G. Sigurmundsson, Sverrir Þórhallsson. OS82093/JHD-13. Reykjavík, október 1982.

Nýtingarmöguleikar háhitasvæða eru margvíslegir, og talið er að vænlegustu möguleikarnir séu í iðnaði. Þegar jarðhiti er notaður sem varmi getur hann orðið 5-10 sinnum ódýrari en olía eða raforka. Orkunýtni til raforkuframleiðslu er lág á háhitasvæðum, og hverfur þá hið mikla forskot sem jarðhiti hefur fram yfir önnur orkuform. Það þarf t.d. 600 MW varmavinnslu (sambærilegt við Hitaveitu Reykjavíkur) til að skila 60 MW raforkuframleiðslu (Krafla í fullum afköstum). Þar sem vatnsafl á Íslandi er talið tiltölulega ódýrt er raforkuframleiðsla á háhitasvæðum strangasta fjárhagslega viðmiðun sem hægt er að setja á nýtingu háhitasvæða, og því ekki þess að vænta að neinn verulegur ávinningur sé í þess konar nýtingu í samkeppni við vatnsafl.

Rannsókn háhitasvæða má skipta í þrjá megináfanga: forathugun, forhönnun og verkhönnun. Tveim fyrri áföngunum má skipta í 15 verkþætti. Áætlun um rannsókn háhitasvæða nær til þessara verkþátta, þ.e. til rannsókna á forathugana- og forhönnunarstigi.

Kostnaður við rannsóknir fer stighækkandi eftir því sem rannsókn miðar áfram þannig að í stórum dráttum tífoldast kostnaður frá einum áfanga til annars. Það er því hagkvæmt að rannsaka allmarga kosti á fyrri stigum rannsókna til þess að hægt sé að velja þá heppilegustu til áframhaldandi rannsókna. Í áætlun um rannsókn háhitasvæða er gert ráð fyrir að við hverja ákvarðanatöku um framhald rannsókna séu 1,5 sinnum fleiri möguleikar að velja úr en þeir sem rannsókn er haldið áfram á. Þessi aðferð er talin skynsamlegur meðalvegur þegar metin er saman áhætta og kostnaður við rannsóknir.

Þegar sett er upp forgangsörð um rannsókn íslenskra háhitasvæða er eðlilegt að taka fyrst og fremst tillit til legu

svæðanna með tilliti til byggðar og fyrirsjáanlegra nýtingarmöguleika. Eru háhitasvæðin á Reykjanesskaga og Norðausturlandi auk Torfajökuls látin hafa forgang fram yfir önnur háhitasvæði. Til þess að halda samfellu í rannsókn háhitasvæða er einnig gert ráð fyrir að fyrsta stig í jarðhitarannsóknum verði gert á nokkrum öðrum svæðum. Er það nauðsynlegt vegna ákvarðanatöku um frekari rannsóknir á árunum 1990-2000.

Nú þegar er hægt að taka ákvörðun um verkhönnun í Hveragerði. Ákvörðun um forhönnun er hægt að taka á Nesjavöllum og á Reykjanesi. Árið 1983 er hægt að hefja rannsóknarboranir í Eldvörpum, Trölladyngju, við Sveifluháls, í Vestur-Hengli, í Hveradölum, við Ölkelduháls, við Hverarönd og á Þeistareykjum. Jarðhitasvæðin við Torfajökul og í Öxarfirði eru ennþá á stigi yfirborðsrannsókna. Svo til engar rannsóknir hafa verið gerðar við Sandfell, í Brennisteinsfjöllum, í Kerlingarfjöllum, við Blautukvísl, í Köldukvíslarbotnum, við Hróthálsa og Fremrináma.

Í áætlun um rannsókn háhitasvæða eru tvær leiðir athugaðar. Annars vegar er rannsóknarhraði miðaður við að tveir virkjunarstaðir verði á verkhönnunarstigi að fimm árum liðnum. Hins vegar er athuguð heldur hægari leið með jafnari rannsóknarhraða. Leiðir hún til þess að tveir fyrstu virkjunarstaðirnir komist á verkhönnunarstig að sex árum liðnum, en síðan komist tveir virkjunarstaðir á verkhönnunarstig á þriggja ára fresti. Í nýlegri langtíma-áætlun Orkustofnunar er gert ráð fyrir, að síðari leiðin verði valin. Eftirfarandi tafla sýnir kostnað og mannaflapörf við þessar tvær leiðir.

	Tveir virkj.st. á 5 árum	Jafn ranns.hraði Tveir fyrstu virkj.st. eftir 6 ár
Áætlaður heildarkostnaður Mkr.	343	326
Áætlaður árlegur kostnaður Mkr.	69	54
Mannaflapörf heildarársverk	125	101
Mannaflapörf ársverk á ári	25	17

Kostnaður er miðaður við verðlag í mars 1982, en þá var byggingavísitala 909 stig.

HELGI TORFASON

YFIRBORÐSRANNSÓKNIR Á ÞEISTAREYKJUM

Þeistareykir eru í Aðaldælahreppi í Suður Þingeyjarsýslu og liggur jarðhitasvæðið í 320-560 m hæð yfir sjó. Frá Þeistareykjum eru 22 km til Húsavíkur og 18 km á Kísilveginn sem liggur milli Mývatns og Húsavíkur. Fyrr á öldum var búið á Þeistareykjum en þar lagðist búskapur endanlega af árið 1873. Á gufuhverasvæðinu norðan við Bæjarfjall var numinn brennisteinn fram undir aldamótin 1900 og fluttur á hestum til Húsavíkur.

Orkustofnun hugaði fyrst að rannsóknum á Þeistareykjum laust eftir 1970 með athugunum á leirmyndunum á jarðhitasvæðinu, en árin 1972-1974 var hafin skipuleg rannsókn jarðhitasvæðisins og nánasta umhverfi þess. Árið 1981 fékk Orkustofnun sérstaka fjárveitingu frá Alþingi til framhaldsrannsókna á Þeistareykjum, en síðan hefur stofnunin sjálf fjármagnað þessar rannsóknir af fjárveitingu sinni. Árið 1983 var lokið við yfirborðsrannsóknir á Þeistareykjum, en þær fólust í jarðfræðiathugunum, viðnámsmælingum, rannsókn á efnainnihaldi gufu og þyngdarmælingum. Niðurstöður þessara rannsókna verða dregnar saman hér á eftir.

Frá Sandvatni liggur sprungusveimur um Hólasand og norður í sjó í Öxarfirði. Stefna brota er N-S. Hefur miðbik sprungusveimsins sigið um tugi og líklega hundruð metra miðað við jaðrana á sl. 0,7 millj. árum. Á nútíma nemur sig þetta 50-100 m. Þeistareykir liggja austan megin í miðjum sprungusveimnum. Eldvirkni hefur ætíð verið fremur lítil í þessum sprungusveimi, og hefur ekki gosið þar sl. 2900 ár. Hins vegar hafa orðið þar nokkuð myndarlegir jarðskjálftar, þeir stærstu líklega tengdir svo nefndum Húsavíkurmisgengjum, víxlengjum sem stefna NV-SA. Síðast varð stór skjálfti 1872. Dreifing jarðhita og ummyndunar fylgir brotum í berggrunni og er virkur jarðhiti á um 13 km² svæði, en sé köld ummyndun talin með stækkar svæðið í 19 km².

Viðnámsmælingar voru framkvæmdar til þess að kanna dreifingu jarðhita í berggrunni. Lágt viðnám er m.a. vegna hás hita, ummyndunar og uppleystra efna í jarðhitavatni og má því ætla að útbreiðsla lágviðnáms gefi til kynna mörk jarðhitasvæðisins. Flatarmál þess svæðis sem afmarkast af 10 ohmm jafnviðnámslínu við sjávarmál (á rúml. 300 m dýpi undir yfirborði) er um 28 km². Lágviðnámsflötur á þessu dýpi er teygður í A-V stefnu. Um og neðan við 200 m undir sjávarmáli (á 400-600 m dýpi undir yfirborði) hækkar viðnám aftur.

Hækkandi viðnám neðan lágviðnámslaga getur verið vegna margvíslegra orsaka. Hiti getur verið orðinn það hár að gufa sé farin að myndast í holrými bergsins (suða). Þétt og þurr innskot, tregt rennsli o.fl. getur haft álíka áhrif á rafleiðni. Úr þessu verður aðeins skorið með borun rannsóknarhola.

Efnagreiningar á gassýnum úr gufuhverum benda til þess að aðaluppstreymissvæðið sé við Tjarnarás, sem er NV við Bæjarfjall, og annað uppstreymissvæði sé vestan undir Ketilfjalli. Styrkur efna í gasi bendir til hitagjafa við A-V stefnu, þvert á N-S stefnu sprungusveimsins. Út frá magni og hlutföllum efna í gasi úr gufuhverum má reikna út líklegan hita í jarðhitageyminum. Hin ýmsu efni og hlutföll þeirra gefa til kynna misháan hita. Mest reynsla hefur fengist af koldíoxíði til að meta hita í jarðhitakerfum háhitasvæðanna og skv. honum er hæstur hiti undir Tjarnarási og við Ketilfjall 280-310°C, en 220-250°C á Þeistareykjagrundum.

Þyngdarmælingar hafa verið gerðar á svæðinu. Þyngdarlægð liggur eftir Þeistareykja-sprungusveimnum svipað₂ og komið hefur fram við Kröflu. Stór og mikil þyngdarlægð (yfir 25 km) er norð-vestan Bæjarfjalls, á mótum Þeistareykjasprungusveimsins og Húsavíkur þverbrotabeltisins.

Líkan af jarðhitasvæðinu á Þeistareykjum byggir á framangreindum rannsóknum. Flatarmál jarðhitasvæðisins á efstu 500 m er líklega nálægt 20 km², og hefur hitagjafinn stefnu þvert á sprungusveiminn. Til þess að ná þeim efnahita sem fannst (315°C) í vatns- og gufublöndu þarf þrýstingur að vera 21 bar, sem svarar til 900-1200 m dýpis í jarðhitakerfinu (þetta er einnig háð eðlismassa og hita vatnssúlunnar sem ofan á hvílir). Þannig virðist mega draga þá ályktun, að sú gufa sem kemur upp á yfirborð á Þeistareykjum sé komin úr því háviðnámslagi sem liggur undir lágviðnámslögum á svæðinu, en hátt viðnám byrjar að koma fram á 400-600 m dýpi undir yfirborði.

Fyrstu rannsóknarholu er valinn staður sunnan við Tjarnarás, en þar er grunnt á háviðnámslagið. Gert er ráð fyrir 600-800 m holu til að ná örugglega niður í hátt viðnám og kanna eðli þess, hita, þrýsting o.fl. í jarðhitakerfinu, og fá þannig aukið öryggi í staðsetningu dýpri rannsóknarhola.

RANNSÓKNIR Á GRUNNVATNSRENNSLI LÁGHITASVÆÐA

Þorsteinn Thorsteinsson

Tilgangur með rannsóknnum á grunnvatnsrennsli lághitasvæða er í stórum dráttum tvíþættur. Í fyrsta lagi mat á afkastagetu svæðanna og í öðru lagi könnun á rennslisleiðum heita vatnsins að svæðunum. Rannsóknir beinast einkum að vatnstöku af svæðunum og viðbrögðum þrýstings vatnsæða eða veita svæðanna við henni.

Vatnstakan getur verið með ótrufluðu lindarrennsli, rennsli úr borholum, sem opnað hafa leið niður á veitinn, eða vinnslu með djúpdælum. Þrýstingsbreytingar koma fram í rennsli linda, þrýstingi á toppi mælingahola eða vatnsborði þeirra. Ef útiloka þarf áhrif hitabreytinga í vatnssúlu mælingahola á vatnsborð eða holutoppþrýstingi, er nauðsynlegt að mælt sé með þrýstiskynjara niðri í holunni í dýpi vatnsæðanna.

Hér verður greint stuttlega frá grunnvatnsrannsóknum á lághitasvæðunum við Reykjavík og í Eyjafirði á vegum jarðhitadeildar og hitaveitna Reykjavíkur og Akureyrar. Á Reykjavíkursvæðinu hafa fleiri jarðhitaholur verið boraðar en annars staðar á landinu og vatnstaka er meiri. Í Eyjafirði, á vinnslusvæðum Hitaveitu Akureyrar, hefur þrýstingslökkun vegna vatnstöku orðið mest og þar eru djúpdælur í meira dýpi en annars staðar.

Reglubundnar rannsóknir á viðbrögðum vatnsstöðu Laugarnessvæðisins í Reykjavík voru hafnar 1965, en þá höfðu djúpdælur verið gangsettar í 11 vinnsluholum, sem Dofri hafði borað 1958-1963. Vatnsborð nokkurra mælingahola var skráð með siritandi vatnsborðsmælum en auk þess var vatnsborð flestra aðgengilegra hola á svæðinu mælt með reglubundnu millibili. Mælingar þessarar voru gerðar að tilhlutan Jarðhitadeildar og með góðri samvinnu við Hitaveitu Reykjavíkur. Mælingarnar sýndu að í skammvinnum dæluþrófunum, 1-2 daga, fylgdu vatnsborðsferlar mælingaholanna í aðalatriðum líkungu C.V. Theis frá 1935 fyrir vatnstöku úr víðáttumiklum veiti. Út frá ferlunum voru reiknaðir stuðlar fyrir lekt og rýmd Laugarneskerfisins og lega hugsanlegra óvatnsgengra afmarkana þess. Stuðlarnir sem þannig voru fengnir voru síðan notaðir til þess að reikna og spá fyrir um þrýstiástand Laugarnessvæðisins fram í tímann og til þess að áætla upphaflegan þrýsting, áður en vatnstaka hófst með djúpdælum (Þorsteinn Thorsteinsson og Jónas Elíasson, 1970). Árstíðabundin sveifla vatnsborðsins, sem fram kom í mælingunum, var á svipaðan hátt notuð af Gunnari Böðvarssyni (1967) og Valdimar Kr. Jónssyni (1967 og 1970).

Á Eyjafjarðarsvæðunum, Syðra Laugalandi og Ytri Tjörnum, þar sem vinnsla hófst með djúpdælum 1978-1979 hefur komið í ljós að vatnsstöðulækkun vegna vatnstöku getur svo árum skiptir verið í beinu hlutfalli við kvaðratróf af tíma sem liðinn er frá því vinnsla hefst. Slík viðbrögð benda til þess að aðrennsli að svæðunum sé eftir langri sprungu og að lekt jarðmyndana sem sprungnan sker sé lítil (Gringarten, A.C. og P.A. Witherspoon, 1972). Svipað mynstur má lesa út úr langtíma dæluþrófanaferlum af Laugarnessvæðinu og fleiri svæðum t.d. Laugalandi í Holtum, Húnavöllum og Bæ í Borgarfirði.

RITSKRÁ JARÐHITAEILDAR 1983

Skýrslur og bráðabirgðaskýrslur

OS-83002/JHD-01 Janúar 1983
HÚSHITUNARÁÆTLUN, II. HLUTI:
FRUMÁÆTLANIR UM 5 NÝJAR HITAVEITUR.
VIÐBÓTARSKÝRSLA
María Jóna Gunnarsdóttir, Karl Ragnars
og Kristján Sæmundsson

OS-83003/JHD-02 Janúar 1983
SVARTSENGI, HOLA SG-12.
BORUN, JARÐLÖG, UMMYNDUN OG VATNSÆÐAR
Hjalte Franzson
(Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja)

OS-83005/JHD-03 Febrúar 1983
JARÐHITASVÆÐIÐ Í URRÍÐAVATNI. JARÐFRÆÐI OG
JARÐEÐLISFRÆÐIRANNSÓKNIR 1978-1982
Sigmundur Einarsson, Margrét Kjartansdóttir,
Brynjólfur Eyjólfsson og Ólafur G. Flóvenz
(Unnið fyrir Hitaveitu Egilsstaðahrepps og Fella)

OS-83006/JHD-01 B Febrúar 1983
KRAFLA, HOLA KJ-20.
UPPHITUN, UPPHLEYPING OG BLÁSTUR
Benedikt Steingrímsson, Halldór Ármannsson
og Jón Benjamínsson

OS-83011/JHD-02 B Febrúar 1983
ÚTFELLINGAR ÚR UPPHITUÐU FERSKVATNI
FRÁ HITAVEITU HVERAGERÐIS
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-83013/JHD-03 B Febrúar 1983
KRAFLA, KJ-21. UPPHITUN, UPPHLEYPING OG BLÁSTUR
Benedikt Steingrímsson, Halldór Ármannsson
og Jón Benjamínsson

OS-83018/JHD-04 A Mars 1983
FRUMÁÆTLUN UM FLUTNING JARÐVARMA FRÁ HÁHITASVÆÐUM.
ÁFANGI 2: GUFUÞJÖPPUN OG VATNSDÆLING
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.
(unnið fyrir Orkustofnun)

OS-83019/JHD-05 B Mars 1983
JARÐHITARANNSÓKNIR VIÐ SVALBARÐSEYRI 1981-82
OG TILLÖGUR UM FRAMHALDSRANNSÓKNIR
Knútur Árnason, Margrét Kjartansdóttir,
Sigmundur Einarsson og Sæþór L. Jónsson

OS-83021/JHD-06 B March 1983
GEOPHYSICAL LOGS FROM LOPRA-1 AND VESTMANNA-1.
PROGRESS REPORT
Valgarður Stefánsson and Helga Tulinius
(Prepared for the Drilling Committee of the Faeroese
Government)

OS-83023/JHD-04 Apríl 1983
NESJAVELLIR, HOLA NG-6. BORUN, RANNSÓKNIR
OG VINNSLUEIGINLEIKAR
Valgarður Stefánsson, Jens Tómasson,
Einar Gunnlaugsson, Hilmar Sigvaldason,
Hjalti Franzson og Ómar Sigurðsson
(Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur)

OS-83024/JHD-05 Apríl 1983
JARÐHITARANNSÓKNIR VIÐ HRAFNAGIL
Helga Tulinius, Ólafur G. Flóvenz
og Hrefna Kristmannsdóttir
(Unnið fyrir Hitaveitu Akureyrar)

OS-83025/JHD-06 April 1983
GEOTHERMAL RESOURCES OF BURUNDI. REPORT ON
A RECONNAISSANCE MISSION 1982. 08.30-09.13
Halldór Ármannsson and Gestur Gíslason

OS-83026/JHD-07 B Apríl 1983
HOLA LWN-4 AÐ LAUGALANDI Í HOLTUM.
VATNSVINNSLA DES. 82-MARS 83 OG BILUN DJÚPDÆLU
Lúðvík S. Georgsson, Þorsteinn Thorsteinsson
og Sverrir Þórhallson

OS-83027/JHD-08 B Apríl 1983
LEIRÁ, BORGARFIRÐI. ÚTFELLINGAR
Halldór Ármannsson og Sverrir Þórhallsson

OS-83028/JHD-09 B Apríl 1983
HITAVEITA HVERAGERÐIS. ÁHRIF ÚTFELLINGA Á
FLUTNINGSGETU HITAVEITULAGNA
Hjörleifur Jakobsson og Sverrir Þórhallsson

OS-83029/JHD-10 B Apríl 1983
KRAFLA. GAS Í HÁPRÝSTILÖGN OG GASLOSUNARBÚNAÐI
ATHUGUN Á ANDRÚMSLOFTSMENGUN 1983-04-14
Halldór Ármannsson

OS-83037/JHD-11 B Maí 1983
HITAVEITA Á NOKKRA BÆI Á SKEIÐUM:
SYÐRI- OG EFRI-BRÚNAVELLI, VORSABÆ,
BIRNUSTAÐI OG FJALL
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83040/JHD-12 B Maí 1983
BORUN HOLU RnG-9, REYKJANESI
Hjalti Franzson, Guðjón Guðmundsson, Jens Tómasson
og Þorsteinn Thorsteinsson
(Unnið fyrir Sjóefnavinnsluna hf.)

OS-83047/JHD-07 Júní 1983
NIÐURDÆLINGARTILRAUN VIÐ SVARTSENGI 1982
Jón Steinar Guðmundsson
(Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja)

OS-83048/JHD-08 Júní 1983
HITAVEITA HVERAGERÐIS. ÁHRIF ÚTFELLINGA Á
FLUTNINGSGETU HITAVEITULAGNA
Hjörleifur Jakobsson og Sverrir Þórhallsson

OS-83049/JHD-09 Júní 1983
VIÐNÁMSMÆLINGAR Á UTANVERÐUM
REYKJANESSKAGA 1981 OG 1982
Lúðvík S. Georgsson og Helga Tulinius
(Unnið fyrir Hitaveitu Suðurnesja,
Orkustofnun og Sjóefnavinnsluna hf.)

OS-83051/JHD-10 Júní 1983
MAGNESÍUMSILIKATÚTFELLINGAR Í HITAVEITUM
Hrefna Kristmannsdóttir, Sverrir Þórhallsson
og Karl Ragnars

OS-83053/JHD-13 B Júní 1983
JARÐHITASVÆÐIÐ URRÍÐAVATNI.
SÝNATAKA Í MARSMÁNUÐI 1983
Jón Benjamínsson

OS-83057/JHD-14 B Júlí 1983
VORFERÐ Í KRÖFLU
Halldór Ármannsson, Jón Benjamínsson
og Gestur Gíslason

OS-83058/JHD-15 B Júlí 1983
LÝSING Á FJÓRUM TEIKNIFORRITUM TIL
ÚRVINNSLU BORHOLUGAGNA
Hjörleifur Jakobsson

OS-83061/JHD-16 B Júlí 1983
HITAVEITA Í HRAUNGERÐISHREPPI. FRUMATHUGUN
Á HITAVEITU Á ODDGEIRSHÓLA, LANGHOLT, LITLA-
OG STÓRA-ÁRMÓT O.FL. BÆI
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83062/JHD-17 B Júlí 1983
KRAFLA, HOLA KJ-22. BORUN FRÁ 50 M Í 198 M
OG STEYPING 13 3/8" FÓÐRINGAR
Ásgrímur Guðmundsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson,
Guðni Guðmundsson, Hilmar Sigvaldason, Hjörtur
Tryggvason og Sigurður Benediktsson

OS-83063/JHD-11 Júlí 1983
FRUMÁÆTLUN UM FLUTNING JARÐVARMA FRÁ HÁHITASVÆÐUM.
ÁFANGI 3: ÞEISTAREYKIR-HÚSAVÍK, HENGILL-REYKJAVÍK,
TRÖLLADYNGJA-STRAUMSVÍK
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.
(Unnið fyrir Orkustofnun)

OS-83064/JHD-21 B July 1983
GEOPHYSICAL LOGS FROM LOPRA-1 AND VESTMANNA-1.
PROGRESS REPORT-2.
Valgarður Stefánsson and Helga Tulinius
(Prepared for the Drilling Committee of the
Faeroese Government)

OS-63065/JHD-18 B Júlí 1983
FRUMÁÆTLUN UM HITAVEITU Á BÆINA VATNSLEYSU,
HEIÐI OG FELLSKOT Í BISKUPSTUNGUM
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83066/JHD-19 B Júlí 1983
TILLÖGUR UM ENDURBÆTUR Á HITAVEITU Á LÝSUHÓLI,
STAÐARSVEIT
María Jóna Gunnarsdóttir og Sæpór L. Jónsson

OS-83069/JHD-12 Júlí 1983
FRUMÁÆTLUN UM FISKELDISSTÖÐ Á KISTU, REYKJANESI
Verkfræðistofa Guðmundar og Kristjáns hf.
(Unnið fyrir Orkustofnun)

OS-83070/JHD-20 B Júlí 1983
KRAFLA, HOLA KJ-22. BORUN FYRIR VINNSLUFÓÐRINGU,
FRÁ 198 M TIL 567 M
Ásgrímur Guðmundsson, Dagbjartur Sigursteinsson,
Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Ó. Friðleifsson
og Hjörtur Tryggvason

OS-83071/JHD-22 B Júlí 1983
KRAFLA, HOLA KJ-22. BORUN VINNSLUHLUTA HOLUNNAR,
FRÁ 567 M TIL 1877 M
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt S. Steingrímsson,
Dagbjartur Sigursteinsson, Guðjón Guðmundsson,
Guðmundur Ó. Friðleifsson, Hjörtur Tryggvason
og Ómar Sigurðsson

OS-83075/JHD-13 September 1983
KRAFLA, HOLA KJ-9. AFLSAGA, EFNABREYTINGAR OG
ENDURBORUN
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson,
Halldór Ármannsson, Hilmar Sigvaldason,
Jón Benjamínsson og Ómar Sigurðsson

OS-83077/JHD-23 B September 1983
KRAFLA, HOLA KJ-13. ENDURBORUN Í JÚLÍ
OG ÁGUST 1983
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt S. Steingrímsson,
Dagbjartur Sigursteinsson, Guðjón Guðmundsson og
Hjörtur Tryggvason

OS-83078/JHD-24 B September 1983
HITAVEITA BORG, GRÍMSNESHREPPI.
FRUMÁÆTLUN UM HITAVEITU FYRIR BYGGÐINA
VIÐ BORG.
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83079/JHD-25 B September 1983
KRAFLA, HOLA KJ-23. BORUN FRÁ 70 M Í 196 M
OG STEYPING 13 3/8" FÓÐRINGAR
Ásgrímur Guðmundsson, Dagbjartur Sigursteinsson,
Hilmar Sigvaldason, Hjörtur Tryggvason og
Sigurður Benediktsson

OS-83080/JHD-26 B September 1983
KRAFLA, HOLA KJ-23. BORUN FRÁ 196 M Í 539 M
OG STEYPING 9 5/8" FÓÐRINGAR
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson,
Dagbjartur Sigursteinsson, Guðni Guðmundsson,
Hjörtur Tryggvason og Sigurður Benediktsson

OS-83082/JHD-27 B Október 1983
KRAFLA, HOLA KJ-23. BORUN VINNSLUHLUTA HOLUNNAR
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson,
Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson,
Hilmar Sigvaldason, Hjörtur Tryggvason og
Ómar Sigurðsson

OS-83083/JHD-15 Október 1983
ÞYNGDARMÆLINGAR Í NÁGRENNI SVARTSENGIS
Gunnar V. Johnsen

OS-83084/JHD-16 Október 1983
VIKUREINANGRUN Á HITAVEITULÖGNUM
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83087/JHD-29 B Október 1983
SEPTEMBERDAGAR Í KRÖFLU. SÝNATAKA OG
MÆLINGAR Á GASSTYRK
Jón Benjamínsson

OS-83088/JHD-18 October 1983
GEOPHYSICAL LOGS FROM LOPRA-1 AND VESTMANNA-1
Valgarður Stefánsson og Helga Tulinius
(Prepared for the Drilling Committee of the
Faeroese Government)

OS-83089/JHD-30 B Október 1983
HITAVEITA Á NOKKRA BÆI Í VILLINGAHOLTSHREPPI,
ÁRN.
María Jóna Gunnarsdóttir

OS-83092/JHD-31 B Október 1983
KRAFLA. BORUN HOLU KJ-3 A
Ásgrímur Guðmundsson, Benedikt Steingrímsson,
Dagbjartur Sigursteinsson, Guðjón Guðmundsson
og Sigurður Benediktsson

OS-83093/JHD-32 B Október 1983
GAS Í GUFU: LÝSING OG PRÓFUN ÁKVÖRÐUNARADFERÐA.
KRAFLA: ATHUGUN Á GASSTYRK GUFU VIÐ MISMUNANDI
REKSTRARADSTÆÐUR Í HÁPRÝSTILÖGN OG Í
GASLOSUNARBÚNAÐI, 1983-10.06-07
Halldór Ármannsson

OS-83094/JHD-33 B Október 1983
UM AÐFERÐIR VIÐ MÆLINGAR Á MEÐBURÐI Í SVARTSENGI
Trausti Hauksson

OS-93096/JHD-34 B Nóvember 1983
KRAFLA. JARÐEDLISFRÆÐILEG KÖNNUN VIÐ HVÍTHÓLAKLIF 1983.
ÁFANGASKÝRSLA
Knútur Árnason, Brynjólfur Eyjólfsson og
Axel Björnsson

OS-83097/JHD-35 B Nóvember 1983
KRAFLA. ENN UM BORHOLUEFTIRLIT 1983
Halldór Ármannsson og Jón Benjamínsson

OS-83098/JHD-36 B Nóvember 1983
KRAFLA. MÆLINGAR Á GASSTYRK Í GUFUVEITULÖGNUM
OG AFTAN VIÐ GASPEYSA 1983.11.02-03
Halldór Ármannsson og Jón Benjamínsson

OS-83099/JHD-37 B Nóvember 1983
MÆLINGAR Í KRÖFLUHOLUM Í NÓVEMBER 1983
Benedikt Steingrímsson

OS-83101/JHD-38 B Nóvember 1983
UPPHITUN MEÐ VARMADÆLU AÐ EGILSÁ,
AKRAHREPPI, SKAGAFIRÐI
María Jóna Gunnarsdóttir
Hrefna Krismannsdóttir

OS-83103/JHD-39 B Desember 1983
NESJAVELLIR, HOLA NG-7. FYRSTI ÁFANGI;
BORUN 183 M OG STEYPING 13 3/8" FÓÐRINGAR
Jens Tómasson, Héðinn Ágústsson og
Valgarður Stefánsson

OS-83104/JHD-40 B Desember 1983
NESJAVELLIR, HOLA NG-7. ANNAR ÁFANGI: BORUN
FRÁ 183 M Í 593 M OG STEYPING 9 5/8" FÓÐRINGAR
Jens Tómasson, Hilmar Sigvaldason, Héðinn Ágústsson,
Guðlaugur Hermannsson, Ómar Bjarki Smáráson og
Sigurður Benediktsson

OS-83105/JHD-41 B Desember 1983
NESJAVELLIR, HOLA NG-7. ÞRIÐJI ÁFANGI: BORUN
VINNSLUHLUTA, 593-2001 M
Hjalti Franzson, Hilmar Sigvaldason, Ómar Sigurðsson
og Héðinn Ágústsson

OS-83106/JHD-19 Desember 1983
BREYTINGAR Á EFNASAMSETNINGU JARÐHITAVATNS Á
SELTJARNARNESI Á TÍMABILINU 1970-1983
Hrefna Kristmannsdóttir

OS-83107/JHD-42 B Desember 1983
BORUN HOLU EG-2, ELDVÖRPUM. ÁFANGASKÝRSLA
Benedikt Steingrímsson, Hjalti Franzson,
Sveinbjörg Helga Haraldsdóttir, Þorsteinn Thorsteinsson,
Guðjón Guðmundsson, Guðmundur Ómar Friðleifsson,
Héðinn Ágústsson og Sverrir Þórhallsson

OS-83108/JHD-20 Desember 1983
NÝTING JARÐHITAVATNS AÐ HÆÐARENDA, GRÍMSNESI.
HINDRUN KALKÚTFELLINGA
Hjörleifur Jakobsson, Jón Örn Bjarnason og
Guðmundur Ingi Haraldsson

OS-83111/JHD-43 B Desember 1983
KRAFLA, HOLA KJ-13. UPPHITUN, UPPHLEYPING OG
BLÁSTUR EFTIR ENDURBORUN 1983
Guðjón Guðmundsson og Jón Benjamínsson

OS-83113/JHD-44 B Desember 1983
FORRITA- OG GAGNASAFN FYRIR HAFSBOTNSRANNSÓKNIR.
STAÐA VERKS Í LOK ÁRS 1983
Tryggvi Edwald og Karl Gunnarsson

OS-83116/JHD-45 B Desember 1983
ATHUGUN Á STÝRINGU VARMASKIPTA FYRIR
GUFUVEITUNA Í HVERAGERÐI
Hjörleifur Jakobsson

OS-83117/JHD-21 Desember 1983
JARÐHITI OG MÖGULEIKAR Á HITAVEITU Í
NORÐURÁRDAL, BORGARFIRÐI
María J. Gunnarsdóttir og
Lúðvík S. Georgsson

OS-83119/JHD-22 Desember 1983
VESTUR-HENGILL. YFIRBORÐSRANNSÓKN
JARÐHITASVÆÐISINS
Helgi Torfason, Gylfi Páll Hersir,
Kristján Sæmundsson, Gunnar V. Johnsen
og Einar Gunnlaugsson
(Unnið fyrir Hitaveitu Reykjavíkur)

RITSKRÁ JARÐHITAEILDAR 1983

Önnur rit

AXEL BJÖRNSSON: Partially molten basalt layer below Iceland. EOS Vol 64, No 45, bls. 888.

M.BEBLO, AXEL BJÖRNSSON, KOLBEINN ÁRNASON, B.STEIN OG P.WOLFGAM: Electrical conductivity beneath Iceland. - Constraints imposed by magnetotelluric results on temperature, partial melt, crust and mantle structure. Journ. Geoph., Vol 53, bls. 16-23.

AXEL BJÖRNSSON: Dynamics of crustal rifting in Iceland. The 1975-1982 Krafla tectonic episode. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 117 (abstract).

EWART, J., VOIGHT, B., AXEL BJÖRNSSON AND GUNNAR V. JOHNSON: Analytical model of Krafla magma reservoir, Iceland. IUGG-Interdis. Symp. Vol I, bls. 127 (abstract).

M.BEBLO and AXEL BJÖRNSSON: Magnetotellurics in north-east Iceland, electrical, conductivity, crust and mantle structure. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 146 (abstract).

GUÐMUNDUR PÁLMASSON: Model of crustal formation in Iceland and application to submarine mid-ocean ridges. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 130 (abstract).

GUÐMUNDUR PÁLMASSON, VALGARÐUR STEFÁNSSON, SVERRIR ÞÓRHALLSSON AND ÞORSTEINN THORSTEINSSON: Geothermal field developments in Iceland. Ninth Workshop on Geothermal Reservoir Engineering, Stanford University (preprint).

GUÐMUNDUR ÓMAR FRÍÐLEIFSSON: Mineralogical evolution of a hydrothermal system. Geoth. Res. Counc. Trans., Vol 7, bls. 147-152.

GUÐMUNDUR ÓMAR FRÍÐLEIFSSON: The geology and the alteration history of the Geitafell central volcano, southeast Iceland. Doktorsritgerð við Grant Institute of Geology, University of Edinburgh, 371 bls.

HALLDÓR ÁRMANNSSON: An improved model on the flow in the

- Krafla geothermal system. Proceedings, 4th Internat. Symp. on Water Rock Interaction, Misasa, Japan.
- HJÁLMAR EYSTEINSSON AND J.F. HERMANCE: Magnetotelluric measurements across the eastern neovolcanic zone in south Iceland. IUGG-Interdis. Symp., Vol 3, bls. 147 (abstract).
- HJALTI FRANZSON: The Svartsengi high-temperature field, Iceland. Subsurface Geology and Alteration. Geoth. Res. Counc. Trans. 7, bls. 141-145.
- HREFNA KRISTMANNSDÓTTIR: Chemistry and stable isotope study of geothermal water in Skagafjörður, northern Iceland. Proceedings, 4th Internat. Symp. on Water Rock Interaction, Misasa, Japan.
- HREFNA KRISTMANNSDÓTTIR OG SIGFÚS JOHNSEN: Chemistry and stable isotope composition of geothermal waters in the Eyjafjörður region, northern Iceland. Jökull, 32, bls. 83-90.
- HREFNA KRISTMANNSDÓTTIR: Subsurface stratigraphy and alteration of the tertiary flood basalt pile in the Laugaland area, Eyjafjörður, northern Iceland. Jökull, 32, bls. 77-82.
- INGVAR BIRGIR FRÍÐLEIFSSON (ritstjóri): The UNU programme in geothermal energy at the National Energy Authority and with the University of Iceland in Reykjavík, Iceland. IN: Report on the first meeting of the standing advisory committee on geothermal energy training, Pisa Italy. UNU (Háskóli Sameinuðu þjóðanna), bls. 17-26.
- INGVAR BIRGIR FRÍÐLEIFSSON: Geothermal training in Iceland. Geo-Heat Center, Vol 8, No 1.
- JENS TÓMASSON: Zeolite rich sediments at Húsavík, Iceland. Proceedings, 4th Internat. Symp. on Water Rock Interaction, Misasa, Japan.
- JÓN JÓNSSON: Eldstöðin við Leiðólfssfell og sögnin um Tólfahring. Suðurland 6. okt 1983.
- JÓN JÓNSSON: Vikurinn á Skógasandi. Suðurland 15. des. 1983.
- JÓN JÓNSSON: Vötn og sandar. Árbók Ferðafélags Islands,

1983, bls. 95-106.

JÓN JÓNSSON: Um fjöll og heiðar. Árbók Ferðafélags Íslands, 1983, bls. 107-154.

JÓN JÓNSSON: Eyjafjallapistlar. Útivist 9, bls. 81-97.

JÓN JÓNSSON: Laugahlíð og Hvirfill. Útivist 9, bls. 117-123.

JÓN JÓNSSON: Eldgos á sögulegum tíma á Reykjanesskaga. Náttúrufr. 52, 1983, bls. 127-139.

JÓN STEINAR GUÐMUNDSSON: Geothermal in Iceland: It's only natural. Geo-Heat Center, Vol 8, No 1.

JÓN STEINAR GUÐMUNDSSON: Geothermal electric power in Iceland: Development in perspective. Energy, Vol 8, No 7, bls. 491-513.

JÓN STEINAR GUÐMUNDSSON: Injection testing in 1982 at the Svartsengi high-temperature field in Iceland. Geoth. Res. Counc. Trans., Vol 7, bls. 423-428.

JÓN STEINAR GUÐMUNDSSON: Geothermal soil heating in Iceland. Geoth. Res. Counc. Trans., Vol 7, bls. 601-606.

KRISTJÁN SÆMUNDSSON: Jarðfræðilýsing Grafningshrepps. Sunnlenskar byggðir, III bindi, bls. 242-246.

HAUKUR JÓHANNESSON, SVEINN P. JAKOBSSON OG KRISTJÁN SÆMUNDSSON: Ísland, jarðfræðikort. Blað 6 Suðurland. Náttúrufræðistofnun og Landmælingar Íslands.

B.VOIGHT, K.YOUNG, M.JANCIN, N.ORKAN, J.ARONSON, KRISTJÁN SÆMUNDSSON: Húsavík-Flatey fault system, Tjörnes fracture zone, Iceland. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 132 (abstract).

I.McDOUGALL, LEÓ KRISTJÁNSSON, KRISTJÁN SÆMUNDSSON: Evolution of the northwest peninsula of Iceland. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 136 (abstract).

LEÓ KRISTJÁNSSON, HAUKUR JÓHANNESSON, ÞORBJÖRN SIGURGEIRSSON, KRISTJÁN SÆMUNDSSON og I.McDOUGALL: Mapping of magnetic polarity groups in the lava pile of w- and nw-Iceland. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 137 (abstract).

- MAGNÚS ÓLAFSSON AND DAVID H. EGGLE: Phase relations of amphibole, amphibole-carbonate and phlogopite-carbonate peridotite: petrologic constraints on the asthenosphere. Earth and Planet. Sci. Lett., 64, bls. 305-315.
- MARÍA J. GUNNARSDÓTTIR: Pumice Insulation: A practical solution for rural geothermal pipelines. Geoth. Res. Counc. Trans., Vol 7, bls. 607-609.
- ÓLAFUR G. FLÓVENZ AND LÚÐVÍK GEORGSSON: Resistivity structure of the upper crust in Iceland. IUGG Interdis. Symp., Vol I, bls. 148 (abstract).
- ÓLAFUR G. FLÓVENZ: The use of geothermal gradient wells in Iceland. IUGG Interdis. Symp., Vol I, bls. 498 (abstract).
- ÓMAR SIGURÐSSON AND DJEBBAR TIAB: Analysis of pressure pulses resulting from magmatic activity in the vicinity of geothermal wells. SPE-11731, Proc. SPE 53rd. Annual California Regional Meeting, bls. 775-782.
- ÓMAR SIGURÐSSON, GUÐMUNDUR S. BÖDVARSSON AND VALGARÐUR STEFÁNSSON: Nonisothermal injectivity index can infer well productivity and reservoir transmissivity. Ninth Workshop on Geoth. Res. Eng., Stanford University, (preprint).
- TRAUSTI HAUKSSON: A study of the fused salt electrolysis of aluminum chloride. M.A.Sc. Thesis, Department of Chemical Engineering and Applied Chemistry. University of Toronto, Canada.
- VALGARÐUR STEFÁNSSON, GUÐNI AXELSSON, ÓMAR SIGURÐSSON, GUÐJÓN GUÐMUNDSSON, AND BENEDIKT STEINGRÍMSSON: Thermal condition of Surtsey. IUGG-Interdis. Symp., Vol I, bls. 511.
- ANDRÉS SVANBJÖRNSSON, JÓNAS MATTHIASSON, HREINN FRÍMANNSSON, STEFÁN ARNÓRSSON, SVEINBJÖRN BJÖRNSSON, VALGARÐUR STEFÁNSSON, AND KRISTJÁN SÆMUNDSSON: Overview of geothermal development at Olkaria in Kenya. Ninth Workshop on Geoth. Res. Eng., Stanford University (preprint).
- K. PRUESS, GUÐMUNDUR S. BÖDVARSSON, AND VALGARÐUR STEFÁNSSON: Analysis of production data from the Krafla geothermal field, Iceland. Ninth Workshop on

Geoth. Res. Eng., Stanford University (preprint).

VIGDÍS HARÐARDÓTTIR: The petrology of the Hengill volcanic system, southern Iceland. M.Sc. Thesis, McGill University, Canada, 269 pls.